



Félagsþjónusta Norðurþings

KETILSBRAUT 7-9 640 HÚSAVÍK. Sími: 464-6100 kt: 640169-5599

Reglur um stuðningsfjölskyldur fyrir fötluð börn og fjölskyldur þeirra hjá Félagsþjónustu Norðurþings

I. kafli Almenn atriði

1. gr.

Réttur til þjónustu og inntak hennar

Samkvæmt lögum um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992 með síðari breytingum og reglugerð um þjónustu við fötluð börn og fjölskyldur þeirra nr. 155/1995 þá skulu fjölskyldur fatlaðra barna eiga kost á þjónustu stuðningsfjölskyldna eftir því sem þörf krefur. Þörf fyrir þjónustu er metin í hverju tilfalli fyrir sig út frá fötlun barns og aðstæðum fjölskyldu. Við matið er horft til aldurs barns, umönnunarþunga, stig fötlunar og félagslegra aðstæðna fjölskyldunnar.

Markmið þjónustunnar er að léttja álagi á fjölskyldum barna með fötlun og gefa börnunum möguleika á aukinni félagslegri þátttöku. Heimilt er eftir mati, að veita fjölskyldum fatlaðra einstaklinga 18 ára og eldri kost á þjónustu stuðningsfjölskyldna.

2. gr.

Skipulag þjónustunnar

Félagsþjónusta Norðurþings sér um framkvæmd þjónustunnar á grundvelli samnings um sameiginlegt þjónustusvæði í Þingeyjarsýslum vegna málefna fatlaðs fólks og samnings Norðurþings og Skútustaðahrepps, Þingeyjarsveitar, Tjörneshrepps, Svalbarðshrepps og Langanesbyggðar um félags- og barnaverndarþjónustu og um sameiginlega barnaverndarnefnd. Allir íbúar á þjónustusvæði Norðurþings eiga rétt til þjónustunnar að uppfylltum öðrum viðmiðum skv. reglum þessum.

Félagsþjónusta Norðurþings sér til þess, eins og hægt er hverju sinni, að fjölskyldur séu tiltækar sem stuðningsfjölskyldur.

Dvöl miðast við sólarhringsþjónustu og er að hámarki fjórir sólarhringar í mánuði. Við sérstakar aðstæður er hægt að veita undanþágu frá þessum viðmiðum í allt að sex sólarhringa, að gefnu faglegu mati starfsmanna. Semja má um aðra tilhögun en sólarhringsþjónustu sem fer þá eftir aðstæðum hverju sinni.

Heimilt er að nýta þjónustu stuðningsfjölskyldu á annan hátt, t.d. fleiri sólarhringa í einum mánuði en þá færri í öðrum þannig að heildarmagn haldist innan rammans ár hvert.

Heimilt er að veita allt að viku samfellda dvöl yfir sumartímam hjá stuðningsfjölskyldu eða dvöl í sumarþúðum, að gefnu faglegu mati starfsmanns. Taka skal mið af aðstæðum fjölskyldna í hverju tilfelli fyrir sig.

Leitast skal við að taka tillit til óska foreldra við val á stuðningsfjölskyldu. Dvölin skal bundin í þríhliða samningi milli fjölskyldu barns, stuðningsfjölskyldu og félagsþjónustu og er gildistími að hámarki eitt ár í senn.

Ekki er heimilt að fela stuðningsfjölskyldu umsjón fleiri en tveggja fatlaðra barna í senn, nema um systkini sé að ræða.

II. kafli Framkvæmd þjónustunnar

1. gr.

Ferli umsókna

Þeir sem óska eftir stuðningsfjölskyldu sækja um það hjá Félagsþjónustu Norðurlands á þar til gerðum eyðublöðum þar sem fram kemur m.a. aldur og fötlun barns, fjölskylduaðstæður og fleira. Umsóknareyðublöð er að finna á heimasíðu Norðurlands.

Allar umsóknir um stuðningsfjölskyldur eru afgreiddar á samráðsfundi félagsþjónustunnar. Lagt er mat á umsóknir, umfang þjónustunnar ákvæðið, ásamt tímalengd samnings og greiðslum til stuðningsfjölskyldna. Þar er stuðst við umönnunarmat frá Tryggingastofnun ríkisins.

Greiðslur til stuðningsfjölskyldu eru skattskildar verktakagreiðslur en draga má frá kostnað samkvæmt reglum samkvæmt reglum Ríkisskattstjóra. Greiðslur til

og samkvæmt gjaldskrá Félagsþjónustu Norðurlands. Þær taka mið af eftirfarandi þremur flokkum.

- Börn með umönnunarmat frá 85% til 100 % fá 2-4 sólarhringa í mánuði. Greiðslur til stuðningsfjölskyldu eru skv. 1. fl. umönnunarmats TR
- Börn með umönnunarmat frá 43 % til 70 % fá 2-4 sólarhringa í mánuði. Greiðslur til stuðningsfjölskyldna eru skv. 2. fl. umönnunarmats TR
- Börn með umönnunarmat frá 25 % til 35 % fá 1-2 sólarhringa í mánuði. Greiðslur til stuðningsfjölskyldu eru skv. 3. fl. umönnunarmats TR

Börn í umönnunarflokki 4 og 5 eiga ekki rétt á stuðningsfjölskyldu. Heimilt er í undantekningartilvikum að víkja frá þessu ákvæði að gefnu faglegu mati starfsmanns félagsþjónustunnar.

Umsækjandi fær skriflegt svar um afgreiðslu umsóknar innan fjögurra vikna frá því að umsókn berst félagsþjónustunni. Ef umsókn er sett á biðlista er umsækjanda tilkynnt það bréflaga.

2. gr.

Mat á stuðningsfjölskyldu

Áður en gengið er til samninga við stuðningsfjölskyldu skal meta aðstæður á heimili fjölskyldunnar og skrifa greinargerð að loknu mati. Umsækjanda skal kynnt greinargerðin og gefinn kostur á að koma að athugasemdum.

Eftirfarandi gagna skal aflað:

- a. Búsetuvottorðs.
- b. Heilbrigðisvottorðs.
- c. Samþykkis allra heimilismanna eldri en 15 ára fyrir því að sveitarfélag eða lögaðili um þjónustusvæði afli upplýsinga úr sakaskrá þar sem fram komi hvort viðkomandi hafi hlotið refsidóm vegna brota á ákvæðum XXII . kafla almennra hegningarlaga.
- d. Samþykkis forráðamanna stuðningsfjölskyldu fyrir því að heimilt sé að leita upplýsinga um stuðningsfjölskyldu og aðbúnað á heimili fjölskyldunnar frá öðrum aðilum, svo sem vinnuveitendum, félagsþjónustu annarra sveitarfélaga eða heilbrigðisfulltrúa.
- e. Staðfestingar um að eldvarnir á heimilinu séu fullnægjandi.
- f. Yfirlit um starfsferil viðkomandi, menntun og reynslu af starfi með börnum.
- g. Upplýsinga um önnur leyfi eða verkefni annaðhvort fyrir fötluð börn eða samkvæmt barnaverndarlögum

Stuðningsfjölskylda og forráðamenn barns bera ábyrgð á því að viðeigandi tryggingar séu í gildi hverju seinni.

Greinargerð með ofangreindum fylgigögnum og faglegu mati starfsmanns er lögð fyrir samráðsfund félagsþjónustunnar til afgreiðslu. Skriflegt svar um niðurstöðu er send umsækjanda þar sem fram kemur hvort viðkomandi fái leyfi til þess að starfa sem stuðningsfjölskylda.

3. gr.

Framkvæmd þjónustunnar

Við upphaf þjónustu er haldinn fundur allra aðila og gerð grein fyrir hlutverki hvers og eins. Gerður er þríhliða tímabundinn samningur milli stuðningsfjölskyldu, foreldra og félagsþjónustu Norðurþings. Heimilt er að segja samningnum upp á samningstímabilinu með eins mánaðar fyrirvara. Í samningnum kemur fram fjöldi sólarhringa í mánuði, almennar upplýsingar um samningsaðila og verkefni stuðningsfjölskyldunnar.

Einnig undirrita forráðamenn og stuðningsfjölskyldan þagnarheit. Þjónustan er gjaldfrjáls en forráðamenn barns greiða útlagðan kostnað vegna þátttöku þess í tómsbundum og félagslífi með stuðningsfjölskyldunni. Kostnaður við akstur með barn til og frá stuðningsfjölskyldu greiðist af forráðamönnum þess.

Samningur er endurnýjaður einu sinni á ári eða oftar. Við endurnýjun samnings skal athugað að upplýsingar úr sakaskrá séu ekki eldri en eins árs. Verkefnastjóri virkni skal vera í

samskiptum við stuðningsfjölskylduna og heimsækja hana eftir því sem þörf er á hverju sinni, þó aldrei sjaldnar en einu sinni á ári. Stuðningsfjölskyldan skal tafarlaust tilkynna um allar breytingar á atriðum sem máli geta skipt við framkvæmd þjónustunnar, s.s. fjölgun heimilismanna. Rífta má samningi ef forendur breyta.

4. gr.

Hlutverk og skyldur

Hlutverk stuðningsfjölskyldu er að taka fatlað barn í umsjá sína í skamman tíma í þeim tilgangi að létta álagi af fjölskyldu þess og auka kosti barnsins á félagslegri þátttöku. Slíkri umsjá fylgir ekki krafa um sérstaka þjálfun eða hæfingu umfram þá daglegu þjálfum sem felst í almennum kröfum er lúta að uppeldi barnsins. Stuðningsfjölskylda ber ábyrgð á velferð barns meðan á dvöl hjá henni stendur og skal hlúa að því í hvívetna í tilfinningalegu, heilsufarlegu og félagslegu tilliti. Hún skal upplýsa forráðamenn og félagsþjónustu um breytingar á ástandi og líðan barns sem hjá henni dvelur og máli kunna að skipta fyrir velferð barnsins.

Hlutverk forráðamanna er að upplýsa stuðningsfjölskyldu um það sem er mikilvægt varðandi velferð barnsins s.s. heilsufar, svefnvenjur, áhugamál, sérþarfir og annað sem máli skiptir. Þeir bara einnig ábyrgð á að aðlögum sé háttáð þannig að barnið upplifi sig öruggt.

Hlutverk félagsþjónustu er að koma á kynnum milli fjölskyldna, sjá um samningsgerð og hafa eftirlit með þjónustu. Einnig skal hún vera stuðningsfjölskyldu til ráðgjafar og veita upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna þjónustunnar.

III. kafli Málsmeðferð

1. gr.

Samvinna við umsækjanda

Öflun gagna og upplýsinga skal unnin í samvinnu við umsækjanda. Við meðferð umsóknar og ákvarðanatöku skal leitast við að hafa samvinnu og samráð við umsækjanda eftir því sem unnt er.

2. gr.

Vaðveisla gagna, trúnaður og aðgangur að gögnum

Málgögn er varða persónulega hagi einstaklinga skulu varðveitt með tryggilegum hætti. Hafi starfsmenn kynnst einkahögum umsækjanda eða annarra í starfi sínu er þeim óheimilt að fjalla um þau mál við óviðkomandi nema að fengnu samþykki viðkomandi.

Umsækjandi á rétt á að kynna sér upplýsingar úr skráðum gögnum sem varða mál hans að svo miklu leyti sem það stangast ekki á við trúnað gagnvart öðrum.

3. gr.

Rangar eða villandi upplýsingar

Þjónusta sem veitt er á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga er í öllum tilfellum endurskoðuð og samningum rift ef þurfa þykir.

4. gr.

Málskotsréttur og endurupptaka máls

Telji umsækjanda á rétt sinn hallað skv. reglum þessum getur umsækjandi áfrýjað til félagsmálanefndar Norðurlands innan fjögurra vikna frá því honum barst vitneskja um ákvörðun. Félagsmálanefnd Norðurlands skal fjalla um umsókn og taka ákvörðun svo fljótt sem unnt er.

Umsækjandi getur skotið ákvörðun félagsmálanefndar Norðurlands til Úrskurðarnefndar félagsþjónustu og húsnæðismála. Skal það gert innan þriggja mánaða frá því að umsækjanda barst vitneskja um ákvörðun félagsmálanefndar Norðurlands.

5. gr.

Endurskoðun

Reglur þessar skulu endurskoðaðar eigi sjaldnar en á tveggja ára fresti.

Reglur þessar taka gildi frá 1. mars 2015 og með breytingum 1. maí 2017

Samþykkt á fundi félags- og barnaverndarnefndar Norðurlands 26. febrúar 2015

Samþykktar breytingar í félagsmálanefnd Norðurlands 4. apríl 2017